



Borgarráð

Samstarfshópur um Loftslagsskóga Reykjavíkur

Hjálögð drög að erindisbréfi samstarfshóps um Loftslagsskóga Reykjavíkur eru lögð fram til kynningar.

Vísað er til aðgerðaráætlunar Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum árin 2021-2025 sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar 2. mars 2021. Einnig er vísað til samþykktar borgarráðs frá 16. maí 2019 um að tekið verði upp samstarf við Skógræktarfélag Reykjavíkur um gróðursetningu loftslagsskóga Reykjavíkur. Markmið verkefnisins er að einstaklingar, fjölskyldur, fyrirtæki og stofnanir geti gróðursett tré í því skyni að koma til móts við útblástur gróðurhúsalofttegunda, svo kallað kolefnisfótspor viðkomandi. Á þetta til að mynda við um flugferðir en vaxandi áhugi er á að kolefnisjafna ferðalög, svo dæmi sé tekið. Reykjavíkurborg taki forystu, fyrst með kolefnisjöfnun allra ferða en síðar með kolefnisjöfnun alls reksturs og starfsemi borgarinnar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi samstarfshóps um Loftslagsskóga Reykjavíkur.

Erindisbréf

Samstarfshópur um Loftslagsskóga Reykjavíkur

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Eitt af sex meginmarkmiðum nýrrar aðgerðaráætlunar Reykjavíkur í loftslagsmálum er kolefnisbinding. Í áætluninni kemur fram að Loftslagsskógar Reykjavíkur verði eflir í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur og skógræktaráætlun kynnt. Í þeim tilgangi að ná fram markmiðum loftslagsáætlunar er lagt til að stofna samstarfshóp Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélags Reykjavíkur um aukna ræktun útivistarskóga á opnum grænum svæðum. Markmiðið með skógunum er ekki eingöngu kolefnisbinding heldur einnig að gera óbyggð svæði innan borgarlandsins skjólsælli, fjölbreyttari og með því eftirsóknarverðari til útivistar. Með því móti getur borgin og stofnanir hennar lagt sitt af mörkum til kolefnisbindingar og kolefnisjöfnuðar á sinni starfsemi, en um leið aukið möguleika borgarbúa á útivist og bættri lýðheilsu.

Hlutverk og helstu verkefni:

Hlutverk nefndarinnar er að kortleggja skógræktarsvæði, velja fyrstu svæðin til umfangsmikillar skógræktar, skilgreina með hvaða hætti almenningur, skólar, stofnanir og fyrirtæki í samvinnu við Skógræktarfélagið geti lagt verkefninu lið. Hópnum er ætlað að finna leiðir fyrir einstaklinga, hópa, fyrirtæki og stofnanir til að kolefnishlutleysa ferðalög sín, starfsemi rekstur eða einstaka verkefni með annaðhvort gróðursetningu trjáa eða framlögum til loftslagsskóga sem myndi skila sér í gróðursetningu trjáa sem endurspegluðu losun. Þá mun hópurinn leggja drög að heimasíðu verkefnisins, kortleggja möguleg uppgræðslusvæði innan landsvæðis Reykjavíkurborgar gera tillögur að kostnaðarmetnum og tímasettum uppgræðsluverkefnum með það að markmiði að hraða eins og kostur er skógrækt í landi Reykjavíkur.

Samstarfshópurinn skipa:

Tveir fulltrúar frá Reykjavíkurborg og tveir fulltrúar frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur

Til ráðgjafar og samstarfs:

Nefndin leiti ráðgjafar og samráðs eftir því sem við á hjá aðilum innan og utan borgarkerfis með sérþekkingu á viðfangsefninu og tryggi aðkomu fyrirtækja borgarinnar og annarra hagsmunaaðila eins og við á.

Starfstímabil:

Samstarfsnefndin skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 31. ágúst 2021.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson



Reykjavíkurborg

Hjálagt:

Möguleg svæði til skógræktar, bréf á umhverfis- og skipulagssviði, dags. 8. maí 2019.

DRÖG

Reykjavík 8. maí 2019

Möguleg svæði til skógræktar

Rýni á tillögum stýrihóps um skógræktarmál sem kynnt var í umhverfis- og skipulagsráði 7. mars 2018 og með tilvísan í samþykkt ráðsins um vinnuhóp frá 2. maí 2018

Vinnuhópurinn skipuðu: Björn I. Edwardsson, Hjalti J. Guðmundsson, Snorri Sigurðsson og Þórólfur Jónsson

Í niðurstöðu stýrihóps um skógræktarmál eftirfarandi svæði nefnd sem mögulega kæmu til greina við forgangsröðun fyrir skógrækt:

- Kjalarnes á nesinu
- Blikdalur
- Álfsnes
- Úlfarsfell
- Gufunes
- Rauðavatn
- Elliðaárdalur/Breiðholtshvarf
- Kjalarnes við Esjurætur
- Norður Gröf
- Geldinganes
- Úlfarsárdalur
- Austurheiðar (Hólmsheiði, Reynisvatnsheiði, Grafarheiði)
- Öskjuhlíð

Kjalarnes á nesinu. Hér er átt við jarðir í eigu Reykjavíkurborgar á Kjalarnesi en þar er stærsta jörðin Arnarholt en einnig nokkrar minni spildur. Þessar jarðir eru skilgreindar sem landbúnaðarland.

Taka þarf afstöðu til hvort kæmi til greina að rækta skóg á einhverjum hluta jarðanna.

Kjalarnes við Esjurætur. Í aðalskipulagi liggur græni trefillinn í Esjurótum og þar er sýndur stígur og reiðleið. Borgin á hins vegar ekkert land fyrir utan svæðið við Arnarhamar en þar er samningur við Skógræktarfélag Kjalarnes um skógrækt.

Taka þarf afstöðu til hvort megi stuðla að skógrækt með því að t.d. styrkja landeigendur eða koma á samvinnu við Skógræktarfélag Kjalarnes sem væri í samskiptum við landeigendur.

Blikdalur. Svæðið er í græna treflinum. Borgin á svæðið sunnan ár og í óskiptri sameign norðan ár. Fé gengur í dalnum og því þyrfti að girða til að geta ræktað tré. Ekki liggur fyrir áhugi meðeiganda norðan ár um mögulega skógrækt.

Auk ákvörðunar um girðingu þá þyrfti að gera gróðurfarsúttekt til að leggja til grundvallar ákvörðunum um skógræktarsvæði og gera síðan skógræktarskipulag.

Norður Gröf. Svæðið er í græna treflinum og jörðin er í eigu borgarinnar. Jörðin er líklega í útleigu hjá SEA.

Gera þarf gróðurfarsúttekt á jörðinni til að leggja til grundvallar ákvörðunum um skógræktarsvæði og gera síðan skógræktarskipulag.

Álfsnes. Stór hluti Álfsness er skilgreint sem opið svæði og mestur hluti Álfsness er í eigu borgarinnar. Sorpa hefur hugmyndir um skógrækt á norður hluta Álfsness.

Gera þarf gróðurfarsúttektir til að leggja til grundvallar ákvörðunum um skógræktarsvæði og gera síðan skógræktarskipulag.

Geldinganes. Í aðalskipulagi er mest allt nesið um 160 ha skilgreint sem almennt útivistarsvæði (op 26) með takmarkaðri mannvirkjagerð sem þjónar útivist á svæðinu. Enn fremur segir að ráðist verði í skógrækt til að auka skjól á svæðinu. Ný svæði til skógræktar falla í flokk C um mat á umhverfisáhrifum.

Gera þarf gróðurfarsúttekt og gera síðan skógræktarskipulag.

Úlfarsfell. Svæðið er í græna treflinum (op14) og er gert ráð fyrir að græða hluta svæðisins upp eins og segir í aðalskipulagi.

Gera þarf gróðurfarsúttektir til að leggja til grundvallar ákvörðunum um skógræktarsvæði og gera síðan skógræktarskipulag.

Úlfarsárdalur. Í deiliskipulagi Úlfarsárdals er gert ráð fyrir svæðum til skógræktar.

Gera þarf aðgerðaáætlun fyrir skógrækt í Úlfarsárdal byggða á deiliskipulagi dalsins.

Gufunes. Samkvæmt skipulagi er megin hluti svæðisins ætlaður til útivistar og afþreyingar. Nýlega var samkeppni um skipulag svæðisins. Samkvæmt aðalskipulagi fer Sundabraut um svæðið og framlenging Hallsvegar.

Óljóst er hvort einhver svæði eru tiltæk til trjá- eða skógræktar þó það sé líklegt.

Austurheiðar. Unnið er að rammskipulagi fyrir Austurheiðar. Í þeirri vinnu mun koma fram stefnumörkun um hvort stefnt verður að meiri skógrækt.

Rauðavatn. Tilheyrir Austurheiðum.

Öskjuhlíð. Deiliskipulag Öskjuhlíðar gerir ekki ráð fyrir nýjum svæðum til trjáræktar. Tækifæri eru frekar í að auka fjölbreytni skógarins.

Ellidaárdalur-Breiðholtshvarf. Í gangi er vinna við endurskoðun deiliskipulags Elliðaárdals. Möguleg tækifæri til frekari útplöntunar munu koma fram í endurskoðuðu deiliskipulagi.

Samantekt og tillögur

Staða ofangreindra svæða er mismunandi og mis aðgengilegt að hefja skógrækt á þeim. Eignarhald og núverandi notkun torveldar skógrækt á sumum svæðum. Nokkur svæði eru í skipulagsferli þar sem möguleg skógrækt verður skilgreind.

Til að meta fýsilega skógrækt þarf yfirleitt að gera gróðurfarsúttekt sem síðan er lagt til grundvallar fyrir skógræktarskipulag.

Lagt er til sem fyrstu áfangar:

- að fara yfir deiliskipulag Úlfarsárdals og taka saman möguleg skógræktarsvæði.
- að hefjast handa við gróðurfarsúttektir í Úlfarsfelli og í Norður Gröf.

Fyrir hönd vinnuhóps
Þórólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða